Mættir: Guðríður, Guðmundur, Tinna, Steinþór, Gerður og Svandís
Forfallaðir: Eysteinn, Ingibjörg og Írena
Staður og tími: N 101
Fundarefni:

Efnisatriði	**Ábyrgð/dags. lokið ef við á**:
1. Fjármál skólans: fjármálastjóri skólans fór yfir fjármál skólans. Veikindi um 3% sem er gott miðað við almennan markað. Stæði: Umræður um að leigja út bílastæði nemenda á sumrin. Málið verður kannað á vorönn. Aðsókn í skólann: ca. 160 umsóknir komnar, umsóknafrestur rennur út 2. des. Um 90 nemendur hafa sótt um starfsnámsgreinar og um 70 í bóknám. Mikil aðsókn og ekki hægt að taka marga inn. Fyrst og fremst nemendur fæddir 2007 og 2008 hafa sótt um. Einhverjir af þessum umsækjendum sóttu um í haust. Vatnsleysi á fimmtudaginn: Guðríður sagði frá því að heitavatnslaust verður næstkomandi fimmtudag og því verður skólastarfi hagað eftir því. Meistaradagurinn: undirbúningur hafin en framkvæmdarstjóri Hótel- og matvælaskólans heldur utan um undirbúninginn. Ræðuhöld í útskrift: Ingibjörg Auður tekur útskriftarræðuna og Guðmundur verður til vara.	
2. Foreldraráð: Starfsreglur eru komnar á heimasíðu skólans og búið er að funda tvisvar sinnum í ráðinu.	
3. Ráðning aðstoðarskólameistara: Helene núverandi aðstoðarskólameistari sótti ein um stöðuna, hún hefur staðið sig mjög vel, þekkir skólann vel og	

Skjal sótt af '000000000000' dags: 11.11.2026

stundar nám í stjórnun Menntastofnana. Samþykkt að ráða hana til fimm ára.	
4. Önnur mál: Spurt hvort MK fari í verkfall en Guðríður hefur ekkert heyrt um það.	

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 13:00
Fundargerð hélt: Guðríður Hrund

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026